

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Borgarness nr. 92 27. maí 1971.

### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Almennur vatnsskattur af húsum, sem vatn er lagt í, skal vera 0.26% af fasteignamati þeirra, en þó skal aldrei greiða minna en kr. 1 000.00 af hverri íbúð.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarness, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. marz 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kwst.mæli á kr. 10.45 á hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 4.40 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a) Fyrir verzlanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 3.50 á ferm. á mánuði.
- b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 1.80 á ferm. á mánuði.

### B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 2.53 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 21.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

### C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 7.20 hverja kwst. ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
  - a) Kr. 2.10 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
  - b) Kr. 2.97 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
  - c) Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
 

Aflgjald af notuðu afli kr. 2 877.00 á kwst. á ári.

Orkugjald af allri orkunotkun kr. 1.00 á kwst.

d) Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:

Um kwst.mæli á kr. 1.00 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 2 272.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

#### D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 1.45 hver kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 0.70 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
45. Til fasttengdra bókunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á kr. 0.88 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 08. og kr. 2.45 hver kwst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

#### Önnur skilyrði fyrir rafnotkun til hitunar.

- A. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- B. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- C. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 4.40 hver kwst.
  2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 1 188.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð A-1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |     |               |
|--|-----|---------------|
| 1. Af einfasa mælum 50 amp. og minni .....   | kr. | 19.00 á mán.  |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni .....   | —   | 25 00 á mán.  |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ....         | —   | 36 00 á mán.  |
| 4. Af mestaafismælum 100 amp. og minni ..... | —   | 73.00 á mán.  |
| 5. Af mestaafismælum stærri en 100 amp. .... | —   | 145.00 á mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargj. kr./m
1. 60 A 1-fasa .....	1 400.00	600.00
2. 60 A 3-fasa .....	1 400.00	725.00
3. 100 A 3-fasa .....	4 200.00	825.00
4. 200 A 3-fasa .....	14 300.00	1 250.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húsiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

#### IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald sky. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 20. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 85 13. marz 1970 ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 7. marz 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

### um holræsagjöld á Akureyri.

#### 1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akureyri, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða til bæjarsjóðs Akureyrar árlega holræsagjald, 0.08% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark holræsagjalds skal þó vera 0.08% af fasteignamati lóðar að viðbættum lágmarks gjaldstuðli á hvern rúmmetra húss og tilsvarandi skal hámark holræsagjald vera 0.08% af fasteignamati lóðar að viðbættum hámarksgjaldstuðli á hvern rúmmetra húss.

**Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu vera þessir:**

	Lágmarks- gjaldstuðill kr./m <sup>3</sup>	Hámarks- gjaldstuðull kr./m <sup>3</sup>
Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði .....	1.6	2.0
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar .....	2.0	2.4
Iðnaðarhúsnæði .....	2.4	2.8
Verzlunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði ....	2.8	3.2

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.